

# UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS

Pórshamri, Templarasundi 5, 150 Reykjavík  
Sími: 510 6700 • Grænt nr: 800 6450 • Mynds: 510 6701  
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Reykjavík, 30. júlí 2014.

Fr. Hanna Birna Kristjánsdóttir  
Innanríkisráðherra  
Sölvhólsgötu 7  
101 Reykjavík.


Samkvæmt lögum nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, er það hlutverk umboðsmanns að hafa í umboði Alþingis eftirlit með stjórnslu ríkis og sveitarfélaga. Skal umboðsmaður í því sambandi gæta þess að stjórnslan fari fram í samræmi við lög, vandaða stjórnsluhætti og siðareglur settar á grundvelli laga um Stjórnarráð Íslands og laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Í framhaldi af frásögn sem birtist í DV sem kom út 29. júlí sl. um tiltekin samskipti yðar, fr. innanríkisráðherra, við lögreglustjórn á höfuðborgarsvæðinu og samtölum sem ég hef átt við lögreglustjórn og ríkissaksóknara, hef ég ákveðið að óska eftir, sbr. 7. gr. laga nr. 85/1997 að þér látið mér í té upplýsingar og tiltæk gögn um eftirfarandi:

1. Hvort þér hafið að eigin frumkvæði óskað eftir að lögreglustjórn á höfuðborgarsvæðinu kæmi til fundar/viðtals við yður í ráðuneytinu þar sem þér rædduð við hann um lögreglurannsókn sem embætti hans vann að á sama tíma og beinist að meðferð tiltekinna trúnaðarupplýsinga sem voru til staðar í innanríkisráðuneytinu. Óskað er eftir að fram komi hvert var tilefni þessara funda/viðtala, hvenær þau fóru fram og að þér lýsið hvað kom þar fram að yðar hálfu í samtölum við lögreglustjórn um rannsóknina og starfshætti lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu af því tilefni. Þá er óskað eftir að tiltæk gögn um þessi samskipti verði send mér.
2. Með sama hætti er óskað eftir upplýsingum um símtöl sem þér kunnið að hafa átt við lögreglustjórn á höfuðborgarsvæðinu þar sem þér rædduð um áður nefnda lögreglurannsókn. Óskað er eftir að fram komi hvenær samtölin fóru fram, hvert var tilefni þeirra og hvað kom þar fram af yðar hálfu um rannsóknina. Óskað er eftir að tiltæk gögn um þessi símtöl verði send mér.

Ég tek það fram að beiðni mín um þessar upplýsingar er sett fram til þess að ég geti tekið afstöðu til þess hvort ég tek mál þetta til formlegrar athugunar, sbr. 5. gr. laga nr. 85/1997, og þá með hliðsjón af þeim reglum og sjónarmiðum sem talin eru eiga við um samskipti ráðherra sem fer með yfirstjórn lögreglu við stjórnendur lögregluembætta með tilliti til sjálfstæðis þeirra embætta og ákærvalds við rannsókn sakamála. Það á sérstaklega við þegar umrædd rannsókn tengist málefnum ráðuneytis viðkomandi ráðherra.

Þess er óskað að svör við þessari fyrirspurn verði send mér eigi síðar en 15. ágúst nk.

Virðingarfyllst,



Tryggvi Gunnarsson.